

FUNDARGERÐ

Árið 2018, föstudaginn 21. september kl. 12:15, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aroni Gústavssyni og Hrafnkeli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð.

Að auki sat fundinn Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu undir liðum 2 og 6.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 24. ágúst 2018

Lögð var fram fundargerð frá 24. ágúst 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 24. ágúst 2018 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað, dags. 19. september 2018, um breytingar á tekjustofnalögum ásamt því að Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, fór yfir málið.

Með breytingunni er í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, kveðið á um stuðning við akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í dreifbýli. Áætlaður kostnaður vegna þessa eða fjármögnun liggja ekki fyrir.

Rætt var um þá leið að akstursþjónusta fyrir fatlað fólk í dreifbýli yrði hluti af B-hluta útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins og að fjárhæð þess hluta framlaganna yrði þá hækkuð.

Starfsmönnum Jöfnunarsjóðs var falið að afla gagna um mögulegan kostnað vegna áðurnefndra breytinga og leggja fyrir Ráðgjafarnefnd.

3. Framlag vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti

Lögð var fram áætlun um úthlutun á framlagi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti á árinu 2019 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 19. september 2018.

Áætlun um úthlutun framlaganna er byggð á áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu 2019 að fjárhæð 4.961,4 m.kr., sbr. áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 2019.

Skv. rgl. 80/2001 um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, skal Jöfnunarsjóður greiða sveitarfélögunum framlag fyrirfram sem nemur 60% af áætluðu framlagi ársins eða 2.976,8 m.kr. Útreikningur áætlaðra framlaga til sveitarfélaga er miðaður við álagningastofna sem eru í gildi á árinu 2018, með álagningarhlutfalli þess árs. Greiðslan er innt á hendi með fimm jöfnum greiðslum mánuðina febrúar til júní 2019.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 4.961,4 m.kr. á árinu 2019 til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts. Áætlunin tekur mið af áætluðum tekjum ríkissjóðs á árinu 2019.

Yfirlýsing grunnskólans

4. Uppgjör verkefnisins 2017

Lagt var fram til kynningar uppgjör á tekjum og framlögum úr Jöfnunarsjóði vegna yfirlýsing grunnskóla árið 2017 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 18. september 2018.

Yfirlýsing á málefnum fatlaðs fólks

5. Uppgjör verkefnisins 2017

Lagt var fram til kynningar uppgjör á tekjum og framlögum úr Jöfnunarsjóði vegna yfirlýsing á málefnum fatlaðs fólks árið 2017 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 18. september 2018.

6. Sólheimar

Lagt var fram minnisblað, dags. 19. september, um málefni Sólheima ásamt fylgigögnum. Þá fór Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, yfir málið og sáttatillögu sína, en Hermann hefur verið falið að leiða samningaviðræður milli Sólheima og Bergrisans varðandi þá þjónustu sem Sólheimar í Grímsnesi veita fötluðum íbúum byggðarhverfisins.

Nefndarmenn voru sammála um mikilvægi málsins og nauðsyn þess að það fái farsæla lausn. Þó fundurinn hafi tekið jákvætt í þá aðferðarfræði sem Hermann kynnti var ákveðið að bíða með afgreiðslu tillagna þangað til ljóst væri hvort til kæmi endurskoðun samninga annarra stórra rekstraradila og þjónustusvæða í málefnum fatlaðs fólks, og þá hvað sú endurskoðun myndi hafa í för með sér. Fram kom í máli Hermanns að Sólheimar eiga í rekstrarerfiðleikum vegna þungs rekstrar í ár og lagði til að veitt yrði sérstakt viðbótarframlag í ár til Bergrisans sökum þess.

Samþykkt var að veita 45 m.kr. framlag til Bergrisans vegna fjárhagsársins 2018 vegna mjög íþyngjandi reksturs Sólheima á árinu.

7. Haustfundur félagsmálastjóra

Lagt var fram erindi frá Samtökum félagsmálastjóra á Íslandi, dags. 10. september 2018, þar sem sótt er um styrk vegna haustfundar samtakanna 4. og 5. október 2018, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Sótt er um framlag til að mæta kostnaði vegna fundarins, þ.e. leigu á sal og veitingar. Starfsmenn Jöfnunarsjóðs hafa haldið erindi á þessum fundum undanfarin ár um málefni er snúa að yfirlýsing á málaflokki fatlaðs fólks til sveitarfélaga. Þá styrkti Sjóðurinn samtökin árið 2017 vegna samráðsfundar sem haldinn var á Selfossi.

Samþykkt var að veita samtökunum styrk vegna haustfundar að sömu upphæð og árið 2017, eða allt að því 200 þús. kr.

8. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Lagt var fram til kynningar minnisblað, dags. 20. september, um stöðu umsókna vegna NPA samninga árið 2018.

9. Tekjujöfnunarframlög

Tillaga að áætlaðri úthlutun ársins 2018

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga 2018 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 19. september 2018.

Fjallað var um aðferðarfræði við útreikning framlaganna á grundvelli hámarkstekjumöguleika sveitarfélaga. Með framlögunum fer fram jöfnun á tekjum sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra. Sambærileg sveitarfélög eru talin vera sem hér segir:

- a. Reykjavík
- b. Sveitarfélög með 12.000 íbúa og fleiri, önnur en Reykjavíkurborg
- c. Sveitarfélög með 300 - 11.999 íbúa
- d. Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Eftirfarandi þættir eru lagðir til grundvallar við útreikning framlaganna:

1. Fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2018, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands.
2. Hámarksálagning útsvars er 14,52%, en við útreikning framlaganna kemur til frádráttar 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarsstofni vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar og 0,99% vegna yfirfærslu málefna fatlaðra. Viðmiðunarprósenta útsvars við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2018 vegna álagningar 2017 er því 12,76%.
3. Hámarksálagning fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats, skv. a. lið 0,625%, skv. b. lið 1,320% og skv. c. lið 1,65%
4. Úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts að upphæð 4.744.728.000 kr.
5. Samkvæmt reglugerðinni eru tekjur sveitarfélaga af meiriháttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki í útreikningi á viðmiðunartekjum í viðkomandi flokki. Jafnframt skal við útreikning meðaltals skv. b-, c- og d-lið sleppa alveg einstaka sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks. Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi miðað við fullnýtingu tekjustofna er lægra en allt að 97,0% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki sveitarfélaga skal greiða sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.
6. Tekjujöfnunarframlög til sveitarfélaga samkvæmt d-lið, með færri en 300 íbúa, taka mið af meðaltekjum sveitarfélaga samkvæmt c-lið, með 300 - 11.999 íbúa, enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa þar í þéttbýli.

7. Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með færri en 300 íbúa er meðaltekjum Skorradalshrepps sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með fleiri en 12.000 íbúa er meðaltekjum Garðabæjar jafnframt sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Þessar aðgerðir leiða til lækkunar meðaltekna viðmiðunarhópanna.

8. Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.

9. Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins er lagt til að jafnað verði að 95,63% að meðaltali á hvern íbúa og áætlað tekjujöfnunarframlag nemi 1.250 m.kr.

Gert er ráð fyrir að 3/4 hlutar framlagsins komi til greiðslu í október en fjórðungur þess komi til greiðslu í árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

Að teknu tilliti til þess ráðstöfunarfjármagns sem áætlað er til framalaganna í ár og þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til við ráðherra að jafnað yrði að 95,63% að meðaltali á hvern íbúa og að áætluð tekjujöfnunarframlög nemi 1.250 m.kr. á árinu 2018.

10. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lögð var fram til kynningar dagskrá ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður miðvikudaginn 10. október nk. á Hilton Reykjavík Nordica.

11. Önnur mál

Næsti fundur

Næsti fundur ráðgjafarnefndar verður miðvikudaginn 10. október kl. 10:00.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið 14:35.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson